

Fimmtudaginn 23. september 1993.

Nr. 483/1990. **Glæsibæjarhreppur**

(Ólafur B. Árnason hrl.)

gegn

Snorra Péturssyni

(Gunnar Sólnes hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1990. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Í stefnu í héraði gerði stefnandi svofellda kröfu: „... að viðurkenndur verði með dómi réttur hans til umferðar í landi Glæsibæjarhrepps á Gáseyri. Þess er krafist, að viðurkenningin taki til alls þess umferðarréttar, sem stefnanda er nauðsynlegur til þess að nýta sinn eignarhluta í landi Gáseyrar, svo sem sandnám og land fyrir æðarvarp“. Í málflutningi fyrir Hæstarétti áréttaði lögmaður stefnda, að þessi hefði verið krafa hans í héraði. Allt að einu er í niðurlagi hins áfrýjaða dóms viðurkenndur réttur stefnda til umferðar um „veg niður að Gáseyrinni“ í landi áfrýjanda, en engin afstaða tekin til kröfu stefnda að öðru leyti.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti kom einnig fram, að ágreiningur væri með málsaðilum um, hvort stefndi hefði yfirleitt haft afnot af vegi í landi áfrýjanda niður að Gáseyri og þá í hvaða mæli og frá hvaða tíma svo og um umferð hans í landi áfrýjanda að öðru leyti. Í héraði var engra gagna aflað um þetta málsefni af stefnda hálfu, og hann kom ekki fyrir dóm til þess að skýra mál sitt og leiddi engin vitni að kröfu sinni.

Þegar þetta er virt, verður að telja, að málátílúnaði stefnanda í héraði hafi verið svo áfátt og málið svo vanreifað af hans hálfu,

að frávísun átti að varða. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómpings Eyjafjarðarsýslu 14. nóvember 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. október sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Snorra Péturssyni, kt. 190814-4759, Skipalóni, Glæsibæjarhreppi, gegn hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkenndur verði réttur hans til umferðar í landi Glæsibæjarhrepps á Gáseyri. Þess er krafist, að viðurkenningin taki til alls þess umferðarréttar, sem stefnanda er nauðsynlegur til þess að nýta eignarhluta sinn í landi Gáseyrar, svo sem sandnámu og land fyrir æðarvarp. Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Við munnlegan málflutning setti stefnandi fram þá varakröfu, að ákvörðun hreppsnefndar yrði ógilt með dómi.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær kröfur, að hann verði alsýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Við munnlegan málflutning kom fram krafa um frávísun málsins frá dómi.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að í júní 1988 hafi vegi niður á svo-nefnda Gáseyri verið lokað með þeim hætti, að strengd var keðja milli tveggja staura þvert yfir veginn og henni læst með hengilás. Stefnandi hafi reynt að fá stefnda til að fjarlægja þennan farartálma, en án nokkurs sýnilegs árangurs.

Staðhættir eru þeir, að Gáseyri er í eigu tveggja aðila, þ. e. efri hluti eyrarinnar tilheyrir Skipalóni, sem er eign stefnanda, en syðri hlutinn er í eigu stefnda. Aðeins einn vegur liggur niður á eyrina, og liggur hann að þeim hluta, sem er í eigu stefnda.

Töluvert sandnám er á eyrinni, og hefur það að sögn stefnanda verið nýtt jöfnum höndum af báðum eignaraðilum hverju sinni, en veruleg nýting þessa sandnáms hófst um 1941.

Æðarvarp hafi alla tíð verið á þeim hluta eyjarinnar, sem er í eigu stefnanda, og til þess að nýta það hafi ávallt verið farinn þessi eini vegur niður á eyrina og yfir þann hluta hennar, sem nú er í eigu stefnda.

Málsaðilar höfðu gert samning við vörubifreiðastjóra um að aka sandi af eyrinni, og var málsaðilum greitt eftir því, í hvorum hluta eyrarinnar sandurinn var tekinn. Þessi samningur féll úr gildi 15. júní 1988 og var ekki framlengdur af hálfu stefnda. Stefnandi vildi halda samningnum í gildi, hvað sig snerti, en þá kom stefndi í veg fyrir það með því að loka veginum.

Stefndi heldur því fram, að Þorsteinn Kristjánsson hafi lagt veg niður á Gáseyri 1957 í landi Gása, og hafi eigendur Gása séð um viðhald vegarins allt til ársins 1976, en þá var stefnda seldur hluti Gása af Gáseyrinni. Allt frá því að vegurinn hafi verið lagður og fram til ársins 1988, hafi almenningi verið frjálms umferð um hann niður á Gáseyri.

Eigandi Skipalóns, stefnandi máls þessa, hafi ekki komið nærri gerð vegarins né viðhaldi á honum.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi unnið hefð á umferðarétti sínum, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 46/1905.

Stefndi kveðst reisa skýnukröfu sína á því, að í fyrsta lagi hafi stefnandi aldrei haft þau afnot af veginum niður á Gáseyri, sem leitt hefðu getað til eignar- eða afnotahefðar, og í öðru lagi, að ef skilyrðum hefðar væri fullnægt, væri langt frá því, að sá hefðartími væri fullnaður, sem krafist er, vegna hefðarhalds á ósýnilegum ítökum.

III.

Fram hefur komið, m. a. við skýrslutökur af Eiríki Sigfússyni, oddvita Glæsibæjarhrepps, að veginum hafi einungis verið lokað fyrir atvinnustarfssemi stefnanda, en ekki verður þó ráðið annað af gögnum málsins sem og vettvangskönnun en veginum hafi verið lokað fyrir allri umferð.

Ekki hefur komið fram, að neinn ágreiningur hafi verið um afnotarétt stefnanda af veginum, frá því að stefndi eignaðist hluta úr Gáseyri með afsali, dags. 27. 12. 1976, og allt þar til veginum er lokað í júní 1988 og þá vegna ágreinings um sandsölu af eyrinni.

Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins og öðru því, sem fram hefur komið, en að nýting hafi verið á sandi úr Gáseyri frá árinu 1941 og, að því er virðist, þá jafnt úr landi stefnda sem stefnanda. Einungis hefur verið einn vegarslóði niður á eyrina allt frá þeim tíma sem og fyrr, en hann hafi verið uppbyggður og færður til að hluta 1957. Stefnanda eða þeim, sem hann leiðir rétt sinn frá, virðist hafa verið frjálms umferð um veg þennan allt frá 1941, þar með talið til nýtingar þeirra hlunninda, sem þar var að finna. Ekki skiptir máli í þessu sambandi, þó að vegurinn hafi verið opinn

almenningi, því að stefnda og þeim, er hann leiðir rétt sinn af, mátti vera ljóst, að stefnandi fór um veg þennan til að komast að landi sínu á Gáseyri og hafði því af veginum hagsmuni, sem aðrir höfðu ekki.

Við vettvangsgöngu kom í ljós, að verulegir annmarkar eru á því að leggja annan veg niður á Gáseyrina úr landi Skipalóns, sem er land stefnanda, og það verði þá ekki gert nema með mjög kostnaðarsömum aðgerðum.

Þegar ofangreint er virt, þykir með vísan til meginreglna hefðarlaga nr. 46 frá 1905, eðlis máls og þeirra þjóðhagslegu hagsmuna, sem búa að baki ákvæðum hefðarlaga, verða að viðurkenna rétt stefnanda til umferðar um veg niður að Gáseyri í landi stefnda sem og, að afnotarétturinn taki til alls þess, sem stefnanda er nauðsynlegt til að nýta sinn eignarhluta í landi Gáseyrar, svo sem sandnáms og æðarvarps.

Enda þótt í stefnu sé gerð krafa um viðurkenningu til umferðar um land stefnda á Gáseyri, þykir hafa komið fram við rekstur málsins, að krafa stefnanda beinist að afnotarétti að nefndum vegi niður að Gáseyri.

Krafa stefnanda um ógildingu á ákvæðum hreppsnefndar þykir vera of seint fram komin og er því hafnað af þeim sökum. Sama gildir um frá-vísunarkröfu stefnda, enda þykir mál þetta ekki sæta frá-vísun án kröfu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 180.000 kr. í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Kjartan Þorkelsson, skipaður dómari.

D ó m s o r ð:

Stefnandi, Snorri Pétursson, hefur umferðarrétt um veg í landi stefnda, Glæsibæjarhrepps, niður á Gáseyri til nauðsynlegrar nýtingar á eignarhluta sínum í landi Gáseyrar, svo sem sandnáms og æðarvarps.

Stefnda ber að greiða stefnanda 180.000 kr. í málskostnað.

Dómur þessi er aðfararhæfur lögum samkvæmt.